



Fly Play hf.: Uppgjör 2. ársfjórðungs 2025

- Innleiðing nýs viðskiptalíkans er á áætlun þar sem lögð er áhersla á sólarlandaáfangastaði, arðbærar flugleiðir og langtíma leiguverkefni fyrir hluta flotans.
- Heildartekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (TRASK) voru hærri og kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (CASK) sömuleiðis lægri á öðrum ársfjórðungi samanborið við sama tímabil í fyrra. Það náðist þrátt fyrir neikvæð gengisáhrif og tafa vegna viðhalds á einni af þotum félagsins.
- Handbært fé í lok annars ársfjórðungs nam 11,9 milljónum USD, að meðtöldu bundnu fé.
- Play hefur tryggt áskriftarloforð að fjárhæð 20 milljónir USD (2,4 milljarðar ISK), sem gert er ráð fyrir að ljúki í ágúst og styrki stöðu félagsins.
- Rekstrarkostnaður lækkaði úr 74,1 milljónum USD í 71,0 milljónir USD milli ára, einkum vegna minnkandi áætlunarflugs og lækkandi eldsneytisverðs.
- PLAY flutti 361 þúsund farþega á öðrum ársfjórðungi 2025, samanborið við 442 þúsund árið áður, sem er vegna breyttrar áherslu félagsins.
- TRASK í áætlunarflugi hækkaði um 2,9% milli ára og var 5,2 USD sent.
- Meðaltekjur á farþega hækkuðu um 4,1% milli ára, upp í 179 USD, sem rekja má til hærri tekna af fargjöldum og hærri hliðartekjum.
- Tap eftir skatta á öðrum ársfjórðungi var 15,3 milljónir USD, samanborið við tap upp á 10,0 USD í öðrum ársfjórðungi 2024.
- Framboð á flugi til sólarlandaáfangastaða jókst um 15% á milli ára í öðrum ársfjórðungi, þrátt fyrir að færri farþegaþotur hafi verið notaðar í fjórðungnum.
- Áætlun félagsins frá Keflavíkurflugvelli mun í auknum mæli beinast til sólarlanda. Framboð til sólarlandaáfangastaða fer úr 27% í 38% í þriðja ársfjórðungi og úr 25% í 66% í fjórðar ársfjórðungi.
- Fjórar vélar úr flota félagsins verða í langtímaleigu til SkyUp til ársloka 2027. Þegar áætlun félagsins til Bandaríkjanna lýkur munu tvær vélar til viðbótar losna í slík verkefni. Skrifað hefur verið undir samning á leigu einnar til ársloka 2026 og viðræður um hina í gangi.
- Stundvísi á öðrum ársfjórðungi var 91,3%, samanborið við 89,3% á öðrum ársfjórðungi í fyrra.



- Rekstrarniðurstaða (EBIT) var neikvæð um 9,2 milljónir USD á öðrum ársfjórðungi, borið saman við 5,6 milljóna USD rekstrartaps á sama tímabili í fyrra.
- Play er með 10 farþegapötur í flota sínum en var með um 8 vélar í áætlun frá Keflavík í öðrum ársfjórðungi á meðan tvær voru í langtímaleigu.
- Play var með 31 áfangastað í leiðakerfi sínu á öðrum ársfjórðungi 2025.

Rekstartengdir mælikvarðar		Q2 2025	Q2 2024	Change
Fjöldi fluga	fjöldi	2.368	2.712	-344
Fjöldi áfangastaða í rekstri	fjöldi	31	36	-5
Fjöldi flugvéla í rekstri	fjöldi	8	10	-2
Stundvísi	%	91%	89%	2.3 ppt
Fjöldi farþega	þús.	361	442	-18%
Sætiskílómetrar (ASK)	millj.	1.258	1.544	-19%
Tekjur á farþegakílómetra (RPK)	millj.	1.048	1.325	-21%
Meðallengd flugleggja (km)	fjöldi	2.908	3.010	-3%
Sætanýting	%	83%	86%	-3 ppt
Fjöldi sæta í boði	þús.	433	514	-16%

Rekstrarreikningur				
Rekstrartekjur	millj. USD	72,10	78,3	-6,2
Rekstrargjöld	millj. USD	71,00	74,1	-3,1
EBIT	millj. USD	-9,20	-5,6	-3,6
EBIT hlutfall	%	-13%	-7%	-6 ppt
Afkoma	millj. USD	-15,30	-10,0	-5,3

Efnahagsreikningur				
Heildareignir	millj. USD	342,7	439,7	-96,99
Heildarskuldir	millj. USD	423,8	443,1	-19,38
Eigið fé	millj. USD	-81,1	-3,5	-77,62
Eiginfjárhlutfall	%	-23,7%	-0,8%	-22.9 ppt
Fé (handbært og bundið)	millj. USD	11,9	51,4	-39,5

Hlutabréf				
Hlutabréfaverð í lok tímabils	per bréf	0,9	2,5	-1,58
Tap á hlut	US sent	-0,8	-0,8	0,00

Lykilmælikvarðar				
Flugtekjur per farþega	USD	122	117	4%
Hliðartekjur per farþega	USD	57	55	4%
Heildartekjur per farþega	USD	179	172	4%
TRASK	US sent	5,22	5,07	3%
CASK (með eldsneytis- og kolefniskostnaði)	US sent	5,95	5,37	11%
CASK (án eldsneytis- og kolefniskostnaðar)	US sent	4,27	3,80	12%
CO ₂ per RPK (grömm CO ₂ per RPK)	fjöldi	60	58	3%
CO ₂ útblástur í tonnum frá flugvélaolíu	fjöldi	63.009	76.781	-18%



Einar Örn Ólafsson, forstjóri:

„Við höfum verið að innleiða nýtt viðskiptalíkan sem við kynntum síðastliðin haust og gengur það samkvæmt áætlun. Við erum markvisst að færa leiðakerfið yfir sólarlandaáætlun og höfum lagt undirstöðurnar að stöðugri tekjugrunn félagsins í formi langtímaleigusamninga á hluta flota okkar. Á öðrum ársfjórðungi jókst framboð okkar til sólarlandaum 15% milli ára þrátt að færri vélar væru í áætlun okkar frá Keflavík. Þessi breyting sést skýrt þegar flugáætlun okkar fyrir næstu tvo fjórðunga er skoðuð, þar sem hlutfall sólarlandaáfangastað eykst verulega á þriðja og fjórða ársfjórðungi.

Við erum auka vægi leiguverkefna í rekstri okkar – fjórar flugvélar eru þegar í langtímasamningum við SkyUp út árið 2027. Þessir samningar tryggja stöðugar tekjur með minni áhættu og sýna að það er mikil eftirspurn eftir vélum okkar. Við höfum nú þegar náð samkomulagi um leigu á einni vél til viðbóta sem losnar þegar við hættum flugi til Bandaríkjanna og höfum einnig hafið viðræður um leigu á annarri vél til viðbótar. Ákvörðun okkar um að hætta Bandaríkjaflugi gerir okkur kleift að einblína á arðbærar flugleiðir og nýta flugflota okkar í arðbær leiguverkefni.

Við þurftum að mæta nokkrum áskorunum á öðrum ársfjórðungi. Þar á meðal gengissveiflum, minni eftirspurn yfir Atlantshafið og viðhaldsvandamál með eina vél. Þrátt fyrir þetta náðum við talsverðum árangri í rekstrinum. Tekjur á hvern farþega hækka, heildartekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra aukast, kostnaður með teknu tilliti til einskiptisliða lækkar og við höldum áfram að skara fram úr í stundvísi.

Mikilvægast er að við höfum stigið ákveðin skref til að styðja við breytingar á rekstri félagsins. Í júlí tryggðum við 20 milljónir USD í nýtt fjármagn í gegnum skuldabréfaútboð með breytirétti, með öflugum stuðningi stærstu hluthafa og fagfjárfesta. Þetta styrkir ekki aðeins fjárhagsstöðu okkar heldur sýnir einnig áframhaldandi traust á stefnu og framtíð PLAY.

Við erum langt komin með þessa umbreytingu á viðskiptalíkani okkar. Nú snýst þetta um útfærslu með agaðri nýtingu – að nýta fluggetu þar sem arðsemin er mest, viðhalda traustri þjónustu og fjölga tekjustoðum. Með því mótum við sterkari og sjálfbærari framtíð fyrir Play.“



Farþegatölur

PLAY flutti 361 þúsund farþega á öðrum ársfjórðungi 2025, samanborið við 442 þúsund á sama tímabili í fyrra. Þessi munur endurspeglar breytingar á leiðakerfi, þar með talið aukna áherslu á sólarlandaáfangastaði og leiguverkefni.

Sætanyting á ársfjórðungnum var 83,2%, samanborið við 85,9% á öðrum ársfjórðungi í fyrra, sem er í samræmi við áherslubreytingar félagsins. Framboð á sólarlandaáfangastöðum jókst um 15% milli ára þrátt fyrir að Play væri með færri vélar í áætlun Keflavík.

PLAY var með 8 vélar í áætlun frá Keflavíkurflugvelli á öðrum ársfjórðungi. Tvær vélar voru í leiguverkefnum og ein vél var leigð inn í flotann yfir sumarið.

Af þeim farþegum sem flugu með PLAY á öðrum ársfjórðungi voru 40% á leiðinni frá Íslandi, 31% til Íslands og 29% tengifarþegar (VIA).

Ánægja viðskiptavina hélt áfram að aukast, en NPS (Net Promoter Score) mælist nú 54 samanborið við 31 fyrir ári síðan, sem er 74% aukning. Þessi árangur afrakstur framúrskarandi þjónustu og stöðugra umbóta á þjónustuupplifun farþega.

Fjárhagsstaða

Tekjur á öðrum ársfjórðungi 2025 námu 72,1 milljón USD, samanborið við 78,3 milljónir USD á öðrum ársfjórðungi 2024. Samdráttur milli ára endurspeglar breytingar á leiðakerfi og tímabundin áhrif vegna seinkana á viðhaldi flugvéla.

Heildartekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (TRASK) hækkaðu í 5,2 bandarísk sent úr 5,1. Meðaltekjur á farþega hækkuðu sömuliðis úr 172 USD á öðrum ársfjórðungi 2024 í 179 USD á öðrum ársfjórðungi í ár. Þetta sýnir getu Play til að hækka einingatekjur þrátt fyrir að fækkun farþega.

Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (CASK) í áætlunarflugi var 5,95 bandarísk sent á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 5,37 sent á öðrum ársfjórðungi 2024. Hækkunin skýrist aðallega af gengisáhrifum, notkun flugvéla með færri sætum í flotanum og hærri flugrekstrarkostnaði. Þrátt fyrir þetta hélt Play áfram að beita aga í kostnaði, sem endurspeglast í stöðugum kostnaði að undanskildu eldsneyti og aukinni rekstrarhagkvæmni.

EBIT (rekstrarniðurstaða) var neikvæð um 9,2 milljónir USD á ársfjórðungnum, samanborið við neikvæðar 5,6 milljónir USD á sama tímabili í fyrra. Tap eftir skatta nam 15,3 milljónum USD, samanborið við 10,0 milljónir USD á öðrum ársfjórðungi 2024.

Handbært fé í lok annars ársfjórðungs nam 11,9 milljónum USD, að meðtöldu bundnu fé. Að auki hefur PLAY tryggt áskriftarloforð að fjárhæð 20 milljónir USD (2,4 milljarðar ISK), sem gert er ráð fyrir að verði klárað í ágúst, og styrkja um leið fjárhagslega stöðu félagsins til framtíðar.

Horfur

Breytingum á viðskiptalíkani Play verður að fullu lokið í lok október, en þá verða fjórar flugvélar í rekstri frá Íslandi. Leigusamningar eru í gildi fyrir fimm af þeim sex flugvélum sem eftir eru, sem styður við betri nýtingu flotans og tekjumyndun allt árið um kring.



Með því að vera einungis með flugrekstrarleyfi á Möltu mun rekstrarkostnaður lækka talsvert. Framvirkar einingartekjur halda áfram að vera sterkar og langtímasamningar um leiguverkefni veita stöðugar tekjur utan háannatíma.

Gert er ráð fyrir að hagnaður á þriðja ársfjórðungi verði svipaður og í fyrra, þrátt fyrir tímabundna viðgerðarstöðvum á vélum. Búist er við minni taprekstri yfir vetrartímann, sem mun bæta niðurstöðu fjórða ársfjórðungs 2025 og fyrsta ársfjórðungs 2026 um allt að 25 milljónir USD. Play gerir ráð fyrir að skila hagnaði á árinu 2026.

Frekari upplýsingar

Einar Örn Ólafsson, forstjóri Play, mun kynna afkomu félagsins fimmtudaginn 7. ágúst kl. 16:00. Kynningin fer fram á ensku og verður streymt á vefnum:

<https://www.flvplay.com/en/financial-reports-and-presentations>